

**Nd.**

**66. Frumvarp**

til laga um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 (Slysafryggingalög).

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Héðinn Valdimarsson.

**1. gr.**

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Fiskimenn og farmenn á róðrabátum og vélbátum minni en 12 smál.,  
er stunda fiskveiðar eða fiskflutning á milli hafna innan lands í 1 mánuð  
á ári eða lengur.

- b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:  
Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
- c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli:  
„Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri“.

## 2. gr.

Við 2. gr.

Fyrir „3 mönnum“ komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

## 3. gr.

Við 8. gr.

- a. Aftan við málsgreinina bætist:  
Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu
- b. Á eftir orðinu „róðrabáta“ í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

## 4. gr.

Við 12. gr.

Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Því aðeins ber að taka til greina og framsenda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

## 5. gr.

Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru nefnd í 1. gr. 2., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slik frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, tilkynnt fyrirfram og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slik störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

## 6. gr.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks heyrir tryggingarskyld vinna eða tryggingarskyld fyrirtæki samkv. 1. gr., eða frjáls trygging samkv. 16. gr., sker slysatryggingin úr því.

7. gr.

Breytingar þær, sem samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar hafa verið síðan 1929, skulu færðar inn í texta laganna.

**G r e i n a r g e r ð.**

Breytingartillögur þær, er með frv. þessu eru bornar fram við slysatryggingarlögin, eru sumpart lagfæringar á atriðum, sem valdið hafa vafa um skilning og örðugleikum á framkvæmd laganna, og sumpart nokkur útfærsla á tryggingarsviðinu. Breytingarnar eru auðskildar við samanburð við lögin sjálf. Mun verða gerð nánari grein fyrir þeim við 1. umr. frumvarpsins.